

## 17. fundur í stjórn Alnæmisbarna, 29. mars 2005

Haldinn þriðjudaginn 29. mars 2005 í fundarsal Samorku

Mætt: Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞSv), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG), Helga Tuliníus (HT), Hildur Gestsdóttir (og Bjarni Reykr Kristjánsson (BRK) og sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Lilja Kolbeinsdóttir, verkefnastjóri hjá ÞSSÍ í Kampala.

### Aðalfundur

- Þórunn rak dagskrá fundarins sem verður á fimmtudaginn næstkomandi.
- Til stendur að fjölga í stjórn og komu nokkur nöfn upp í umræðunni: Jónína Einarsdóttir, Guðlaugur í Frostmark, einhver starfsmaður hjá Marel sem vinnur við verkefni í Úganda, Benedikt Steingrímsson, Ragna Karlsdóttir og Hjalti Franzson. Gott væri að fá einhvern í stjórnina sem gæti tekið að sér að stýra fjáröflunarhópnum.
- María leggur fram ársreikninga, óskoðaða. Fram kom að bókhaldið er til staðar frá þeim degi sem reikningur Alnæmisbarna var stofnaður. Ársreikningur miðast við almanaksárið.
- Hildur mun koma með kerti til að selja.
- Þórunn mun rita skýrslu stjórnar og senda hana til stjórnarmanna til yfirlstrar fyrir fundinn.
- Fyrir aðalfundin mun María skilgreina þörfina fyrir styrkjum Alnæmisbarna hjá CLF. Hvað er líklegt að við greiðum lyf fyrir margar stelpur, hve margar nýjar verða teknar inn á ári og hve margar verða sendar í skóla.

### Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ)

Lilja Kolbeinsdóttir, starfsmaður ÞSSÍ í Kampala var gestur fundarins.

- Fram kom að styrkur ÞSSÍ til CLF er 15.000\$ á ári fyrir árin 2003, 2004 og 2005. Stjórnin mun sækja til ÞSSÍ um framhald á þessum styrkjum sem standa straum af rekstrar- og launakostnaði CLF. ÞSSÍ hefur verið að greiða m.a. fyrir: húsaleigu, rafmagn, vatn, síma, lyf, skólagjöld og laun starfsmanna (samkv. Lilju).
- Fram kom að CLF þarf að greiða kostnaðinn fyrst en með framvísun reikninga greiðir ÞSSÍ CLF sem nemur upphæð reikninganna. Það þurfa því að vera tiltækir peningar hjá CLF til að greiða þessa hluti.
- Styrkur ÞSSÍ til CLF var ráðstafað í gegn um skrifstofu ÞSSÍ á Íslandi og þarf stjórn Alnæmisbarna að sækja um framlengingu á styrknum til þeirra. Umsóknarfrestur er samkvæmt Lilju í lok nóvember. Fram kom að rökstyðja þarf vel af hverju sé þörf á áframhaldandi styrk ÞSSÍ. Einnig kom fram að starfið sem fram í kertagerðinni er ekki vinna heldur starfsþjálfun. Í Uganda er maður barn til 15 ára aldurs en frá 15 til 24 hefur einnig ákveðna skilgreiningu lagalega sem “youth”. Önnur skilgreining á

lögaldri er milli 10 og 18 ára aldurs (hér verðið þið að koma mér til bjargar stelpur, náði þessu ekki alveg!!!!!!!!!!!! ).

- Lilja benti á að ÞSSÍ skrifstofan í Kampala hefur einhverja fjármuni sem hún getur ráðstafað til lítilla verkefna þar. Rosette hefur sótt um styrk og fengið til að gera framkvæmdaráætlun sem skilgreinir starfið í kringum stelpurnar.
- Stjórnin spurðist fyrir um hvort Lilja gæti heimsótt CLF, hjálpað til með bókhaldið og fylgst með starfinu fyrir Alnæmisbörn þar sem ferðalög til Uganda eru kostnaðarsöm og þarf að halda í lágmarki. Lilja tók vel í þetta en benti á að þetta væri ekki skilgreint í hennar verksviði en Alnæmisbörn gætu sótt um þetta til ÞSSÍ. Annar möguleiki væri að skrifstofan í Kampla gæti nýtt að hluta það svigrúm sem hún hefur til að sinna þessu. Lilja lagði til að hún myndi þá heimsækja CLF á 3. vikna fresti í ½ dag og skoða fjármálin, hjálpa þeim með bókhaldið (kenna þeim að halda sjóðsbók fyrir aðskilda hluti rekstursins) og fara yfir stöðuna hjá stelpunum (hvaða stelpur væru í skóla, hverjar í kertagerðinni, hvort að einhverjar hefðu komið inn nýjar af götunni og hvort einhverjar væru hættar). Hildur benti á að helsta vandamálið við rekstur CLF væri að þar væri peningum eytt sem ekki væru til en alls ekki að þeim væri eytt í ranga hluti. Stjórnin ber fullt traust til Rosette sem hefur sýnt og sannað dug sinn og heilindi í starfi. Stjórnin bað Lilju að hugsa þetta mál og þá sérstaklega út árið 2005. Stjórnin mun sækja um það til ÞSSÍ að Lilja sinni þessu sem skilgreindu verkefni á næsta ári.
- Fram kom tillaga um að Þórunn ræddi við Ágústu hjá ÞSSÍ um að Lilja tæki að sér þetta eftirlit frá og með 1. maí.

#### CLF

- María beið eftir Hildi til að klára skýrsluna um heimsóknina til CLF.
- Fram kom að María taldi 22 stelpur sem áttu 7 börn og 3 voru á leiðinni hjá CLF af þeim voru 14 í skóla og 8 í kertagerðinni.
- Lilja benti á að nú væru peningar að streyma frá Bandaríkjunum í alnæmislyf til handa alnæmissmituðum í Afríku. Lyfin eru bandarísk. Það er möguleiki að koma stelpunum sem eru smitaðar á þessi lyf. Við munum leggja það til við Rosette að hún rannsaki þetta mál.
- Kristín hjá Barnaheillum hefur lýst yfir áhuga Barnaheilla að yfirtaka reksturinn hjá CLF. Það var von Erlu að þegar starfsemin væri komin í eitthvað fast form væri æskilegt að stöndug samtök eins og Barnaheill gætu fylgt því um ókomna framtíð. Þannig væri framtíð CLF tryggust.
- Hildur ætlar að starfa sem tengiliður Alnæmisbarna við CLF og verður hennar fyrsta verkefni að taka saman lista yfir stelpurnar. Von hennar og okkar er að það opni frekari möguleika að fólk (styrktaraðilar) geti tekið að sér persónulega að greiða götu þeirra til betra lífs.